

Fullgild rafræn undirskrift

STEFÁN BALDVIN FRÍÐRIKSSON

Kennitala: 311063 5079
2023-09-21 08:57:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUNNLAUGUR S GUNNLAUGSSON

Kennitala: 791258 5739
2023-09-21 09:09:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EINAR SIGURÐSSON

Kennitala: 730877 5999
2023-09-21 10:22:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUÐMUNDUR INGÓLFFSSON

Kennitala: 190981 5339
2023-09-21 11:48:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

STEINUNN HULDA MARTEINSDÓTTIR

Kennitala: 310166 5379
2023-09-21 11:53:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Ísfélag hf.

Ársreikningur



ÍSFÉLAG

Ísfélag hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

Ísfélag hf.

Ársreikningur

Efnisyfirlit	bls.
Áritun óháðs endurskoðanda	2 - 3
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	4 - 5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarrafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðsstreymisyfirlit	8
Eiginfjáryfirlit	9
Skýringar	10-31

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ísfélags hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísfélags hf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ísfélagi hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Ísfélagi hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ísfélags hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstaður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstaður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem tengda skattamálum. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Ísfélagi hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Ísfélags hf. á aðalfundi félagsins árið 2022. Deloitte hefur verið endurskoðandi Ísfélags hf. frá stofnun Deloitte ehf. árið 1998.

Kópavogur, 20. september 2023.

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ísfélag hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög en félagið er elsta starfandi hlutafélag á Íslandi. Félagið gerir út tíu fiskiskip, fjögur uppsjárskip, fjögur bolfiskskip, frystitogara og krókabát og vinnur afurðir í frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum sem staðsettar eru í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Siglufirði og á Þórshöfn. Hlutverk félagsins er að stunda veiðar og framleiða hágæða afurðir úr bolfiski og uppsjárþfiski.

Ársreikningur Ísfélags hf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Félagið gerir nú í fyrsta sinn ársreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Vísað er í skýringu 2 um Innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og áhrif á innleiðingar á rekstrarreikning og efnahagsreikning á innleiðingardegi.

Ársreikningur í samræmi við lög um ársreikninga var áritaður þann 3. maí 2023. Þar sem félagið hyggur að skráningu á aðalmarkað Kauphallar Íslands, hefur ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 verið endurgerður til samræmis við IFRS fyrir skráningarlýsingu félagsins eins og reglur gera ráð fyrir.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2022	2021
Rekstrartekjur félagsins námu.....	163.714.107	128.008.076
Hagnaður félagsins nam.....	61.312.613	40.654.238
Fjöldi ársverka nam.....	228	233
	31.12.2022	31.12.2021
Eignir félagsins námu.....	335.279.667	314.348.643
Bókfært eigið fé nam.....	228.654.246	183.011.737
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	68,2%	58,2%

Rekstur félagsins gekk mjög vel á árinu og jukust tekjur og afkoma frá fyrra ári sem skýrist einna helst af stórrí loðnuvertíð borið saman við lítila loðnuvertíð árið áður. EBITDA jókst um 14 milljónir USD og vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 32 milljónir USD. Á árinu var byggt nýtt hrognahús í Vestmannaeyjum sem var tekið í notkun í byrjun mars 2023.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, gangi veiða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur skila sér. Forstjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins. Á árinu voru endurákvörðuð skattskil félagsins vegna fyrri ára. Félagið hefur kært þann úrskurð sem bíður niðurstöðu Yfirskattaneftndar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnir Ísfélags Vestmannaeyja hf og Ramma hf undirrituðu þann 29. desember 2022 samning um samruna félaganna tveggja. Samruna var lokið 14. júní 2023 eftir að skilyrðum samningsins varðandi samþykki hluthafa og Samkeppniseftirlitsins. Félögin starfa bæði í sjávarútvegi en Rammi hf rekur frystitogara fyrir bolfisk, rækjuverksmiðju á Siglufirði og bolfiskvinnslu í Þorlákshöfn. Helsta dótturfélag Ramma hf er Primex ehf sem vinnur kítósan úr rækjuskel og afleiddar vörur úr því.

Í kjölfar sameiningar var nafni félagsins breytt í Ísfélag hf.

Þann 8. mars 2023 var tilkynnt um samstarf Ísfélags hf og Måsøval Eiendom AS varðandi eignarhald í Ice Fish Farm AS, sem er skráð félag í Noregi og rekur laxeldi í sjó á austurlandi. Eignarhaldsfélagið, þar sem Ísfélag hf. á um 30% hlut er stærsti eigandi laxeldisfyrirtækisins með 56,1% hlut.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

Hluthafar

Skráð hlutafé félagsins í árslok nam kr. 575.397.209 en félagið á eigin hluti af nafnverði 44.041.919. Í lok ársins voru 136 hluthafar (131 árið áður). 10 stærstu hluthafar eru sem hér segir:

	Hlutdeild	Hlutir
ÍV fjárfestingafélag ehf.....	89,0%	472.877.741
Anna ehf.....	3,5%	18.471.622
Fimman ehf.....	2,1%	11.192.088
Hali ehf.....	0,9%	4.964.978
Júlía Petra Andersen.....	0,6%	3.198.262
Ágúst Bergsson.....	0,5%	2.660.310
Kristín Bergsdóttir.....	0,5%	2.666.310
MKE ehf.....	0,4%	2.111.493
Jóel Þór Andersen.....	0,4%	1.865.654
Borgþór Eydal Pálsson.....	0,2%	1.017.133
Aðrir hluthafar.....	1,9%	10.329.699
	100%	531.355.290

Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn félagsins leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum. Í stjórn félagsins sem kosin er á aðalfundi þess til eins árs í senn sitja þrjú karlmenn og ein kona. Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum, Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni stjórnarformanni, Einari Sigurðssyni, Guðbjörgu Matthíasdóttur og Sigurbirni Magnússyni.

Félagið birtir sérstaka ársskýrslu á vefsíðu sinni, www.isfelag.is, þar sem fjallað er um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð félagsins, ábyrgar fiskveiðar, umhverfis-, mannauðs- og öryggismál ásamt siðferðislegum gildum félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2022 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2022 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Ísfélags hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 20. september 2023

Í stjórn

Forstjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	3	163.714.107	128.008.076
Kostnaðarverð seldra vara		(96.686.303)	(76.061.457)
Framlegð		67.027.804	51.946.619
Aðrar tekjur		837.569	895.864
Útflutnings og dreifingarkostnaður		(3.168.933)	(1.017.979)
Annar rekstrarkostnaður	6	(5.035.542)	(4.971.405)
Rekstrarhagnaður		59.660.898	46.853.099
Fjáreignatekjur		14.205.604	5.827.414
Fjármagnsgjöld		(3.368.557)	(2.481.228)
Hreinar fjármagnstekjur	7	10.837.047	3.346.186
Áhrif dóttur og hlutdeildarfélaganna	12	4.139.560	472.795
Hagnaður fyrir tekjuskatt		74.637.505	50.672.080
Tekjuskattur	9	(13.324.891)	(10.017.842)
Hagnaður ársins		61.312.613	40.654.238
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem síðar kunna að verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í dóttur og hlutdeildarfélögum		(670.104)	(147.801)
Heildarafkoma ársins		60.642.509	40.506.437
Aðrar upplýsingar			
Rekstrarhagnaður		59.660.898	46.853.099
Fyrningar		10.278.380	9.073.741
EBITDA		69.939.278	55.926.840
Grunnhagnaður og þynntur hagnaðarhlutur	17	0,115	0,077

Skýringar á blaðsíðum 10-31 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Eignir				
Aflaheimildir	10	127.505.652	127.505.652	126.966.844
Rekstrarfjármunir	11	98.589.353	95.407.097	80.688.825
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélögum og samrekstri	12	12.350.646	8.678.394	7.263.463
Fjárfestingar á gangvirði	13	15.013.273	1.715.955	902.433
Langtímakröfur	20	9.570.816	5.117.692	16.476.035
Fastafjármunir		<u>263.029.740</u>	<u>238.424.790</u>	<u>232.297.600</u>
Birgðir	14	24.094.819	21.022.177	14.278.394
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	19.109.520	26.256.452	24.031.038
Næsta árs afborgun langtímakrafna	20	2.436.934	9.987.380	11.252.893
Handbært fé	15	26.608.654	18.657.844	12.785.026
Veltufjármunir		<u>72.249.927</u>	<u>75.923.853</u>	<u>62.347.351</u>
Eignir samtals		<u>335.279.667</u>	<u>314.348.643</u>	<u>294.644.951</u>
Eigið fé				
Hlutafé	16	4.405.931	4.405.931	4.405.931
Varasjóður		4.510.950	4.510.950	4.510.950
Þýðingarmunur	(653.493)	16.611	164.412
Bundinn hlutdeildarreikningur		7.436.429	3.048.927	2.576.125
Óráðstafað eigið fé		212.954.429	171.029.318	138.347.873
Eigið fé		<u>228.654.246</u>	<u>183.011.737</u>	<u>150.005.290</u>
Skuldir				
Vaxtaberandi skuldir	18	48.883.866	77.983.754	91.754.265
Tekjuskattsskuldbinding	19	31.742.315	29.613.883	27.544.832
Langtímaskuldir		<u>80.626.181</u>	<u>107.597.637</u>	<u>119.299.097</u>
Vaxtaberandi skuldir	18	3.567.302	6.869.558	13.538.682
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		11.147.647	8.887.317	7.428.990
Tekjuskattur til greiðslu	19	11.284.290	7.982.394	4.372.892
Skammtímaskuldir		<u>25.999.239</u>	<u>23.739.269</u>	<u>25.340.564</u>
Skuldir		<u>106.625.420</u>	<u>131.336.906</u>	<u>144.639.661</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>335.279.667</u>	<u>314.348.643</u>	<u>294.644.951</u>

Skýringar á blaðsíðum 10-31 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins		59.660.898	46.853.099
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisýrnum rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	11	10.278.380	9.073.741
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(23.599)	(17.101)
		<u>69.915.679</u>	<u>55.909.739</u>
Breytingar á birgðum	(3.072.641)	(6.743.783)
Breytingar á rekstrartengdum eignum		8.301.531	(2.219.687)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		<u>1.912.477</u>	<u>1.346.456</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>7.141.367</u>	<u>(7.617.014)</u>
Innborgaðir vextir		937.813	1.247.429
Greiddir vextir	(6.514.702)	(6.282.470)
Greiddir skattar	(7.467.577)	(4.210.291)
Handbært fé frá rekstri		<u>64.012.580</u>	<u>39.047.393</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(13.387.799)	(23.788.341)
Fjárfesting í aflaheimildum		0	(538.808)
Fjárfesting eignarhluta í öðrum félögum	(7.745.050)	(1.906.942)
Langtímakröfur, breyting		4.883.632	12.627.342
Fenginn arður frá dóttur og hlutdeildarfélögum		<u>76.628</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>16.172.589)</u>	<u>(13.606.749)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(15.000.000)	(7.500.000)
Skammtímalán		0	(6.110.354)
Afborganir leiguskuldar	(26.054)	(24.462)
Afborganir langtímalána	(<u>22.412.259)</u>	<u>(7.116.200)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>37.438.313)</u>	<u>(20.751.016)</u>
Hækkun á handbæru fé		10.401.678	4.689.628
Handbært fé í ársbyrjun		<u>18.657.844</u>	<u>12.785.026</u>
Gengismunur af handbæru fé	(2.450.868)	1.183.190
Handbært fé í árslok		<u>26.608.654</u>	<u>18.657.844</u>

Skýringar á blaðsíðum 10-31 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Eiginfjáryfirlit 1.janúar til 31.desember 2022

	Hlutafé	Varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn hlutd. reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2021						
Eigið fé 1.1.2021	4.405.931	4.510.950	164.412	2.576.125	138.347.873	150.005.290
Hagnaður ársins					40.654.238	40.654.238
Þýðingarmunur ársins			(147.801)			(147.801)
Heildarafkoma ársins	0	0	(147.801)	0	40.654.238	40.506.437
Millifært á bundið eigið fé				472.798	(472.798)	-
Greiddur arður, 0,014 USD á hlut					(7.500.000)	(7.500.000)
Eigið fé 31.12.2021	4.405.931	4.510.950	16.611	3.048.927	171.029.318	183.011.737
Árið 2022						
Eigið fé 1.1.2022	4.405.931	4.510.950	16.611	3.048.927	171.029.318	183.011.737
Hagnaður ársins					61.312.613	61.312.613
Þýðingarmunur ársins			(670.104)			(670.104)
Gangvirðisbreyting áhættuvarna						0
Heildarafkoma ársins	-	-	(670.104)	-	61.312.613	60.642.509
Millifært á bundið eigið fé				4.387.502	(4.387.502)	-
Greiddur arður, 0,028 USD á hlut					(15.000.000)	(15.000.000)
Eigið fé 31.12.2022	4.405.931	4.510.950	(653.493)	7.436.429	212.954.429	228.654.246

Skýringar á blaðsíðum 10-31 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Skýringar

1. Félagið

Ísfélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Tangagötu 1, Vestmannaeyjum. Ísfélag hf. er fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, en starfspættir félagsins eru útgerð og vinnsla.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu endurgerðs ársreikningsins þann 18. september 2023

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastaðlum (IFRS)

Félagið hefur tekið upp alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið höfðu gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2021 og síðar, og eiga við um starfsemi félagsins. Félagið hefur ekki tekið upp útgefna staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem ekki höfðu tekið gildi í upphafi reikningsskilatímabilsins, en heimilt var að innleiða fyrr samkvæmt samþykkt Evrópusambandsins. Áhrif staðla í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu, en talið er að þau séu óveruleg.

Reikningsárið er það fyrsta sem ársreikningur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en fyrri reikningsskil félagsins voru gerð í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar í tengslum við innleiðinguna. Fjallað er um reikningshaldsleg áhrif af innleiðingunni hér að neðan.

Áhrif innleiðingar á efnahagsreikning á innleiðingardegi 1. janúar 2021

Heildaráhrif af innleiðingu IFRS á eigið fé félagsins þann 1. janúar 2021 eru engin. Áhrifunum er lýst nánar hér að neðan.

	IS GAAP	Aðlögun	IFRS
Eignir			
Aflaheimildir	126.966.844	0	126.966.844
Rekstrarfjármunir	79.542.014	1.146.811 (a)	80.688.825
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélagum og samrekstri	6.208.320	1.055.143 (b)	7.263.463
Fjárfestingar á gangvirði	1.957.576	(1.055.143) (b)	902.433
Langtímakröfur	16.476.035	0	16.476.035
Fastafjármunir	231.150.789	1.146.811	232.297.600
Birgðir*	14.278.394		14.278.394
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur*	24.031.038		24.031.038
Næsta árs afborgun langtímakrafna	11.252.893		11.252.893
Handbært fé	12.785.026		12.785.026
Veltufjármunir	62.347.351	-	62.347.351
Eignir samtals	293.498.140	1.146.811	294.644.951
Eigið fé			
Hlutafé	4.405.931		4.405.931
Varasjóður	4.510.950		4.510.950
Þýðingarmunur	164.412		164.412
Bundinn hlutdeildarreikningur	2.576.125		2.576.125
Óráðstafað eigið fé	138.347.873		138.347.873
Eigið fé	150.005.290	-	150.005.290

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna (framhald)

Skuldir

Vaxtaberandi skuldir	90.631.029	1.123.236 (a)	91.754.265
Tekjuskattsskuldbinding	27.544.832	-	27.544.832
Langtímaskuldir	118.175.861	1.123.236	119.299.097
Vaxtaberandi skuldir*	13.515.107	23.575 (a)	13.538.682
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	7.428.990		7.428.990
Tekjuskattur til greiðslu	4.372.892		4.372.892
Skammtímaskuldir	25.316.989	23.575	25.340.564
Skuldir	143.492.850	1.146.811	144.639.661
Eigið fé og skuldir samtals	293.498.140	1.146.811	294.644.951

*Framsetning í efnahagsreikningi

Í ársreikningi 2021 voru birgðir sundurgreindar í efnahagsreikningi í *Afurðir og hráefni* og *Veidarfæri og aðrar rekstrarvörubirgðir*. Framsetningu hefur verið breytt í IFRS ársreikningi og eru birgðir framsettar í einni línu í efnahagsreikningi, en sundurliðun er sýnd í skýringum.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur voru sundurgreindar í efnahagsreikningi 2021 en eru sýndar í einni línu í IFRS ársreikningi með sundurliðun í skýringum.

Næsta árs afborganir vaxtaberandi lána og skammtímalán voru sundurgreind í efnahagsreikningi í ársreikningi 2021 á meðal skammtímaskulda, en í IFRS ársreikningi eru allar vaxtaberandi skammtímaskuldir framsettar í einni línu í efnahagsreikningi.

Áhrif innleiðingar á rekstrarreikning ársins 2021

Heildaráhrif af innleiðingu IFRS á hagnað og heildarafkomu ársins 2021 eru 43 þúsund USD. Áhrifunum er lýst nánar hér að neðan.

	IS GAAP	Endurflokkun*	Aðlögun	IFRS
Rekstrartekjur	128.008.076			128.008.076
Kostnaðarverð seldra vara	(68.233.714)	(7.858.683)	30.940 (a)	(76.061.457)
Framlegð	59.774.362	(7.858.683)	30.940	51.946.619
Aðrar tekjur	878.763	17.101		895.864
Útflutnings og dreifingarkostnaður	0	(1.017.979)		(1.017.979)
Annar rekstrarkostnaður	(4.821.518)	(150.972)	1.085 (a)	(4.971.405)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(9.027.634)	9.027.634		-
Hagnaður af sölu eigna	17.101	(17.101)		-
Rekstrarhagnaður	46.821.074	-	32.025	46.853.099
Fjáreignatekjur	5.799.063		28.351 (a)	5.827.414
Fjármagnsgjöld	(2.427.558)		(53.670) (a)	(2.481.228)
Hreinar fjármagnstekjur	3.371.505	-	(25.319)	3.346.186
Áhrif dóttur og hlutdeildarfélaganna	472.795		-	472.795

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna (framhald)

Hagnaður fyrir tekjuskatt	50.665.374	-	6.706	50.672.080
Tekjuskattur	(10.010.628)		(7.214)	(10.017.842)
Hagnaður ársins	<u>40.654.746</u>	<u>-</u>	<u>(508)</u>	<u>40.654.238</u>

Önnur heildarafkoma

Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:

Pýðingarm. vegna eignarluta í félögum	(147.801)			(147.801)
Heildarafkoma ársins	<u>40.506.945</u>	<u>-</u>	<u>(508)</u>	<u>40.506.437</u>

*Framsetning í rekstrarreikningi

Framsetningu rekstrarreiknings hefur verið breytt frá ársreikningi 2021 sem hér segir. Rekstrartekjur landvinnslu og útgerðar eru sýndar í einni línu í stað tveggja áður og eigin innlagður afli er ekki sýndur í sér línu sem frádráttur frá tekjum og gjöldum. Rekstrargjöld eru sýnd eftir hlutverki í IFRS ársreikningi (kostnaðarverð seldra vara, útflytnings og dreifingarkostnaður og annar rekstrarkostnaður) en var skipt eftir landvinnslu, útgerð, sameiginlegum kostnaði og afskriftum í ársreikningi 2021. Hagnaður af sölu eigna sem var sérgreindur í 2021 ársreikningi er nú sýndur meðal annarra tekna og afskriftum er skipt niður á gjaldaliði eftir hlutverki í IFRS ársreikningi.

(a) Leigusamningar

Við innleiðinguna voru gerðar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum félagsins sem leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu eins og áður, heldur er færð leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga. Félagið er aðili að rekstrareigusamningum um lóðir og nemur leiguskuldbinding og leigueign 1.146 þúsund USD á innleiðingardegi 1. janúar 2021. Þá breytist framsetning gjalda sem tengjast rekstrarleigusamningum þar sem félagið færir afskriftir af leigueign og vaxtagjöld af leiguskuld, en hafði áður gjaldfært leigugreiðslur á meðal rekstrargjalda línulega á líftíma samninganna.

Leigueignir eru sýndar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi og leiguskuldir á meðal vaxtaberandi skulda. Nánar er fjallað um reikningsskilaaðferðir fyrir leigusamninga í skýringu fyrir mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

(b) Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum og samrekstri

Eignarhlutar í félögum þar sem félagið hafði veruleg áhrif voru endurflokkuð úr línunni *Eignarhlutar í öðrum félögum* í línuna *Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum og samrekstri* í samræmi við kröfur IAS 1 *Framsetning reikningsskila*.

Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutar í félögum og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í bandaríkjadollurum (USD), nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilaáætlun krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 10 um mat á endurheimtanlegu virði aflaheimilda og skýringu 11 um nýtingartíma varanlegra rekstrarfjármuna.

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á rekstrarstarfsþáttum og innri upplýsingagjöf félagsins. Félagið skiptist í tvo starfsþætti, Útgerð og vinnsla.

Útgerð

Til tekna hjá útgerð telst sala útgerðar á sjávarafurðum sem og kvótaleiga. Í þeim tilfellum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Innri viðskipti vegna löndunar afla af skipum félagsins til vinnslu eru felld út við gerð ársreiknings. Kostnaður samanstendur aðallega af hráefniskostnaði og rekstri skipa s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaður.

Félagið greiðir veiðigjald skv. lögum um fiskveiðar nr. 74/2012 og er það fært gjaldfært á meðal kostnaðarverðs seldra vara. Á árinu 2022 nam veiðigjaldið 2.382 þúsund USD (2021: 2.058 þúsund USD).

Vinnsla

Til tekna hjá vinnslu telst sala á sjávarafurðum en kostnaður samanstendur aðallega af kostnaði vegna eigin afla sem landað er úr skipum félagsins, öðrum hráefniskostnaði, launum og launatengdum gjöldum ásamt kostnaði við rekstur og viðhalds húsnæðis, véla og tækja.

	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
2022				
Rekstrartekjur	66.059.614	156.023.831	(58.369.338)	163.714.107
Kostnaðarverð seldra vara	(48.392.335)	(106.663.306)	58.369.338	(96.686.303)
Framlegð	17.667.279	49.360.525	-	67.027.804
Aðrar tekjur	837.569			837.569
Útflutnings og dreifingarkostnaður		(3.168.933)		(3.168.933)
Annar rekstrarkostnaður	(1.497.842)	(3.537.700)		(5.035.542)
Rekstrarhagnaður	17.007.006	42.653.892	-	59.660.898
Hreinar fjármagnstekjur				10.837.047
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага				4.139.560
Hagnaður fyrir tekjuskatt				74.637.505
Tekjuskattur				(13.324.891)
Hagnaður ársins				61.312.613
Afskriftir rekstrarfjármuna	5.552.550	4.725.830		10.278.380
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3.334.103	10.053.696		13.387.799
2021				
Rekstrartekjur	52.419.715	118.411.585	(42.823.224)	128.008.076
Kostnaðarverð seldra vara	(39.508.755)	(79.375.926)	42.823.224	(76.061.457)
Framlegð	12.910.960	39.035.659	-	51.946.619
Aðrar tekjur				895.864
Útflutnings og dreifingarkostnaður		(1.017.979)		(1.017.979)
Annar rekstrarkostnaður	(1.525.479)	(3.445.926)		(4.971.405)
Rekstrarhagnaður	11.385.481	34.571.754	-	46.853.099
Hreinar fjármagnstekjur				3.346.186
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага				472.795
Hagnaður fyrir tekjuskatt				50.672.080
Tekjuskattur				(10.017.842)
Hagnaður ársins				40.654.238
Afskriftir rekstrarfjármuna	4.548.054	4.525.687		9.073.741
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	19.610.157	4.178.184		23.788.341

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit (framhald) Landsvæðaskipting

Rekstrartekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt á landsvæði:	2022	2021
Evrópa	122.562.438	104.742.608
Asía	35.565.089	20.588.947
Ameríka	2.567.692	1.384.023
Annað	3.018.888	1.292.498
	<u>163.714.107</u>	<u>128.008.076</u>

Rekstrartekjur eru tekjur af samningum við viðskiptavinum og falla undir gildissvið IFRS 15, Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Aðrar tekjur félagsins samanstanda af kvótaleigu, annarri útseldri þjónustu og söluhagnaði varanlegra rekstrarfjármuna.

Nánari upplýsingar um tímasetningu tekjufærslu og eðli rekstrartekna er að finna í skýringu 24 um reikningssskilaáferðir.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	29.683.448	26.086.962
Lífeyrissjóðsgjald	3.264.066	2.934.717
Önnur launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður	3.696.309	3.228.209
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>36.643.823</u>	<u>32.249.888</u>

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara	34.857.963	30.492.455
Annar rekstrarkostnaður	1.785.860	1.757.433
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>36.643.823</u>	<u>32.249.888</u>

Ársverk	228	233
---------------	-----	-----

5. Þóknarir til endurskoðenda

Þóknarir til endurskoðenda félagsins greinast þannig:	2022	2021
Endurskoðun ársreiknings	79.260	60.062
Önnur þjónusta	48.591	33.326
	<u>127.851</u>	<u>93.388</u>

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	1.785.860	1.757.433
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	979.618	1.155.583
Sölu- og markaðskostnaður	520.083	835.608
Aðkeypt þjónusta	994.693	900.094
Afskriftir rekstrarfjármuna	153.621	150.972
Annar kostnaður	601.667	171.715
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>5.035.542</u>	<u>4.971.405</u>

Skýringar

7. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur skammtímakrafna og handbært fé	439.531	83.426
Vaxtatekjur langtímakrafna	809.256	1.052.441
Arður af hlutabréfaeign	63.825	83.680
Gangvirðisbreyting fjárfestinga á gangvirði	7.560.758	-
Hreinn gengismunur	5.332.234	4.607.867
Fjáreignatekjur samtals	14.205.604	5.827.414
Vaxtagjöld og verðbætur vaxtaberandi skulda	(3.056.995)	(2.299.778)
Önnur vaxtagjöld	(311.562)	(181.450)
Fjármagnsgjöld samtals	(3.368.557)	(2.481.228)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	10.837.047	3.346.186

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2022	2021
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	10.231.417	9.027.634
Afskriftir leigueignar, sbr. skýringu 11	46.963	46.107
Afskriftir og niðurfærsla færðar í rekstrarreikning	10.278.380	9.073.741
Afskriftir og niðurfærsla skiptast þannig þannig eftir rekstrarliðum:		
Kostnaðarverð seldra vara	10.124.759	8.922.769
Annar rekstrarkostnaður	153.621	150.972
Afskriftir og niðurfærsla færðar í rekstrarreikning	10.278.380	9.073.741

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 13.325 þúsund USD (2021: 10.018 þúsund USD). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022 nemur 11.284 þúsund USD (2021: 7.982 þúsund USD). Virkt tekjuskattshlutfall félagsins á árinu 2022 var 18% (2021: 20%). Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2022		2021	
Hagnaður fyrir skatta	74.637.505		50.672.080	
Skatthlutfall	14.927.501	20%	10.134.416	20%
Hagnaður hlutabréfa og fenginn arður	(114.447)	0%	(18.539)	0%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	(827.912)	-1%	(94.560)	0%
Áhrif gengismunar tekjuskattsskuldbindingar	(667.319)	-1%	(9.378)	0%
Aðrir liðir	7.068	0%	5.903	0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	13.324.891	18%	10.017.842	20%

10. Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:	2022	2021
Kostnaðarverð aflaheimilda 1.1	144.475.562	143.936.754
Uppsöfnuð virðisryrnun 1.1	(16.969.910)	(16.969.910)
Eignfært á árinu	-	538.808
Bókfært verð aflaheimilda 31.12.	127.505.652	127.505.652

Skýringar

10. Aflaheimildir (framhald)

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Aflaheimildir tilheyra starfsþættinum útgerð, og er virðisrýrnunarpróf framkvæmt á útgerð sem telst sjóðskapandi eining.

Lagt er mat á endurheimtanlega fjárhæð fiskveiðiheimilda útfrá áætluðu söluverði að frádregnum sölukostnaði. Endurheimtanleg fjárhæð byggir á úthlutuðum magni samkvæmt Fiskistofu fyrir fiskveiðitímabilið sem hófst 1. september 2022 og áætluðu viðmiðunarverði viðkomandi tegunda á grundvelli nýlegra viðskipta með aflahlutdeild þessara tegunda. Stjórnendur telji að viðskipti með aflahlutdeild viðkomandi tegunda séu reglubundin og í nægilegu magni til að verðupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfylli kröfur IFRS 13 um virkan markað. Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins er verulega umfram bókfært verð. Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar á viðmiðunarverðum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins yrði lægra en bókfært verð þeirra.

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:	%Hlutdeild í úthlutun 2022	Úthlutaðar heimildir tonn	%Hlutdeild í úthlutun 2021	Úthlutaðar heimildir tonn
Tegund:				
Þorskur	1,91%	3.131	1,88%	3.346
Ýsa	3,12%	1.503	3,10%	1.023
Ufsi	3,83%	2.166	3,82%	2.355
Gullkarfi	1,74%	374	1,75%	472
Djúpkarfi	1,80%	108	1,80%	135
Úthafskarfi	-	-	4,33%	-
Síld	13,13%	8.228	13,13%	8.979
Norsk-íslensk síld	20,15%	17.637	20,15%	20.654
Loðna	19,99%	62.358	19,99%	129.124
Makrill*	12,41%	14.919	12,32%	15.668
Kolmunni	5,20%	14.121	5,20%	7.818
Aðrar kvótabundnar tegundir		338		349
Samtals aflaheimildir		124.883		189.923

Krókaflahlutdeild félagsins greinist þannig:

Þorskur	0,44%	725	0,44%	774
Ýsa	0,26%	125	0,26%	85
Ufsi	0,11%	62	0,11%	68
Gullkarfi	0,02%	4	0,02%	5
Aðrar tegundir		29		21
		945		953

*Úthlutun fyrra tímabils

Úthlutun aflaheimilda fer fram árlega í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknarstofnun, þann heildarafla sem veiða má úr nytjastofnum í íslenskrum fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á.

Útreikningur á þorskígildi miðast við margföldunarstuðla sem sjávarútvegsráðuneyti reiknar og gefur út ár hvert í samræmi við lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Skýringar

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2021	55.069.327	79.375.404	68.111.064	202.555.795
Viðbætur á árinu	1.942.756	19.610.157	2.278.206	23.831.118
Selt og niðurlagt	(3.121.727)	-	(69.941)	(3.191.668)
Heildarverð 31.12.2021	53.890.356	98.985.561	70.319.329	223.195.245
Viðbætur á árinu	7.869.894	888.383	4.718.086	13.476.363
Selt og niðurlagt	-	-	(157.262)	(157.262)
Heildarverð 31.12.2022	61.760.250	99.873.944	74.880.153	236.514.346
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2021	31.073.806	38.187.046	52.606.118	121.866.970
Afskriftir ársins	1.259.953	4.459.146	3.354.642	9.073.741
Selt og niðurlagt	(2.769.609)	-	(382.954)	(3.152.563)
Afskrifað alls 31.12.2021	29.564.150	42.646.192	55.577.806	127.788.148
Afskriftir ársins	1.456.317	5.401.683	3.420.380	10.278.380
Selt og niðurlagt	-	-	(141.535)	(141.535)
Afskrifað alls 31.12.2022	31.020.467	48.047.875	58.856.651	137.924.993
Bókfært verð				
1.1.2021	23.995.521	41.188.358	15.504.946	80.688.825
31.12.2021	24.326.206	56.339.369	14.741.523	95.407.097
31.12.2022	30.739.783	51.826.069	16.023.502	98.589.353
Afskriftahlutföll	0-4%	5-10%	8-20%	

Félagið er sem leigutaki aðili að leigusamningum vegna lóða. Leigueignir eru færðar meðal rekstrarfjármuna í dálkinum fasteignir og lóðir og nam bókfært verð þeirra 1.185 þúsund USD í árslok (2021: 1.143 þúsund USD).

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarmat og fasteignamat rekstrarfjármuna félagsins í árslok námu eftirfarandi fjárhæðum:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir	21.410.758	77.867.671	30.739.783
Fiskiskip og búnaður	-	74.906.090	51.826.069

Rekstrarfjármunir félagsins eru veðsettir fyrir vaxtaberandi skuldum, sjá nánar í skýringu 22.

Skýringar

12. Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu

Eignarhlutir í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu greinast þannig:

	Eignarhlutur	Aðsetur	Bókfært verð		
			31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf.	100%	Ísland	481.314	440.873	276.992
Jörvi fasteignir ehf.	100%	Ísland	1.829.861	1.830.205	1.830.451
IVM2 ehf.	100%	Ísland	-	-	-
Lundey fjárfestingarfélag ehf.	50%	Ísland	6.899.717	3.187.435	2.230.259
Iceland Pelagic ehf.	33,3%	Ísland	1.897.878	1.667.662	1.868.150
Pelagic Greenland A/S.	33,3%	Grænland	535.071	916.681	802.733
Önnur félög.			706.805	635.538	254.878
			<u>12.350.646</u>	<u>8.678.394</u>	<u>7.263.463</u>

Með hliðsjón af mikilvægi upplýsinga fyrir lesanda ársreikningsins gerir félagið ekki samstæðuársreikning enda telur félagið að dótturfélög hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild.

Neikvæður eignarhlutur í IVM2 ehf hefur verið færður til lækkunar á kröfum félagsins á hendur IVM2.

Félagið fer með sameiginleg yfirráð með meðfjárfesti sínum yfir Lundey fjárfestingarfélagi ehf. Eignarhluturinn er flokkaður sem félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) og færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Breyting eignarhluta í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu greinist þannig:

	2022	2021
Staða 1.1.	8.678.394	7.263.463
Keypt á árinu.	279.424	1.428.747
Hlutdeild í afkomu.	4.139.560	472.795
Mótttekinn arður.	(76.628)	(338.810)
Þýðingarmunur.	(670.104)	(147.801)
Staða 31.12.	<u>12.350.646</u>	<u>8.678.394</u>

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu ársins greinist þannig:

Fiskmarkaður Þórshafnar ehf, fiskvinnsla.	186.570	175.088
Lundey fjárfestingarfélag ehf., eignarhaldsfélag.	4.166.972	70.747
Iceland Pelagic ehf., umboðssala á sjávarafurðum.	388.835	176.712
Pelagic Greenland A/S, umboðssala á sjávarafurðum.	(676.883)	-
Önnur félög.	74.066	50.248
	<u>4.139.560</u>	<u>472.795</u>

Skýringar

13. Fjárfestingar á gangvirði

Félagið færir eignarhluta í félögum á gangvirði um rekstrarreikning. Félagið gerði vaxtaskiptasamninga á árinu 2022 sem eru afleiður færðar á gangvirði um rekstur. Afleiðusamningar skiptast í skammtíma- og langtímahluta á eignaeða skuldahlíð efnahagsreiknings eftir stöðu þeirra og eftirstæðum líftíma á reikningsskiladegi.

Fjárfestingar á stigi 1 eru hlutabréf í skráðum félögum sem eru færð miðað við skráð markaðsvirði á reikningsskiladegi. Fjárfestingar á stigi 2 eru afleiðusamningar þar sem gangvirði er metið með hliðsjón af verði frá miðlara. Fjárfestingar á stigi 3 eru hlutabréf í óskráðum félögum og færðar miðað við síðustu þekktu viðskipti með bréf í viðkomandi félagi, innra virði eða á kostnaðarverði ef aðrar áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

	31.12.2022		31.12.2021		1.1.2021	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Stig 1	8.235.993	-	991.857	-	530.083	-
Stig 2	7.834.767	648.809	-	-	-	-
Stig 3	1.304.540	-	724.098	-	372.350	-
Samtals	17.375.300	648.809	1.715.955	-	902.433	-

Flokkun fjárfestinga á gangvirði í efnahagsreikningi:

	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Fjárfestingar á gangvirði	15.013.273	1.715.955	902.433
Aðrar skammtímafröfur	2.362.027	-	-
Aðrar skammtímaskuldir	(648.809)	-	-

Breyting fjárfestinga á gangvirði á stigi 3 greinist þannig:

	2022	2021
Staða 1.1.	724.098	372.350
Keypt á árinu	580.442	351.748
Staða 31.12	1.304.540	724.098

14. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Frystar afurðir	15.088.108	10.420.744	9.209.769
Mjöl og lýsi	1.512.264	7.357.037	2.463.552
Rekstrarvörubirgðir	3.819.358	1.536.141	1.435.073
Veiðafærabirgðir	3.675.089	1.708.255	1.170.000
Birgðir samtals	24.094.819	21.022.177	14.278.394

Skýringar

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Nafnverð viðskiptakrafna	11.231.984	22.844.185	23.107.219
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(167.392)	(167.392)	(167.392)
	<u>11.064.592</u>	<u>22.676.793</u>	<u>22.939.827</u>

Sjá skýringu 21 um fjárhagslega áhættu í tengslum við umfjöllun um vænt útlánatap viðskiptakrafna.

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Virðisaukaskattur	2.333.017	3.258.196	941.159
Fyrirframgreiddur kostnaður	178.527	166.823	117.760
Fjármagnstekjuskattur	73.401	12.751	28.358
Vaxtaskiptasamningar	2.362.027	-	-
Aðrar kröfur	3.097.956	141.889	3.934
	<u>8.044.928</u>	<u>3.579.659</u>	<u>1.091.211</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>19.109.520</u>	<u>26.256.452</u>	<u>24.031.038</u>
--	-------------------	-------------------	-------------------

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum

	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Bankainnstæður í USD	13.103.310	8.579.458	3.413.618
Bankainnstæður í ISK	2.564.655	823.701	186.895
Bankainnstæður í öðrum myntum	10.940.689	9.254.685	9.184.513
Handbært fé samtals	<u>26.608.654</u>	<u>18.657.844</u>	<u>12.785.026</u>

16. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 575.397.209 í árslok 2022 (2021: kr. 575.397.209). Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði kr. 44.041.919 sem færð eru til lækkunar á eigin fé (2021: kr. 44.041.919). Útistandandi hlutir í árslok eru kr. 531.355.290 og eru þeir allir greiddir (2021: kr. 531.355.290). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Varasjóður

Varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði ásamt valkvæðum varasjóði félagsins.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur- og hlutdeildarfélag Ísfélags hf. eru með aðra starfrækslumynt en móðurfélagið.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur samanstendur af hlutdeildatekjum umfram mótteknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Skýringar

16. Eigið fé (framhald)

Óráðstafað eigið fé og arður

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óbundinn hagnaður félagsins að frádregnum útborguðum arði. Stjórn félagsins lagði til að ekki yrði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2022.

Á hluthafafundi þann 14. júní var tekin ákvörðun um úthlutun arðs að fjárhæð 15.000 þúsund USD, 0,019 per hlut.

17. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

	2022	2021
Hagnaður ársins	61.312.613	40.654.238

Vegið meðaltal hlutabréfa

Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (þús)	531.355	531.355
Hagnaður á útistandandi hlut (USD per hlut)	0,115	0,077

18. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Skuldir í USD	38.666.667	-	-
Skuldir í CHF	-	3.106.262	3.596.164
Skuldir í JPY	12.681.429	17.528.771	21.149.686
Skuldir í GBP	-	7.520.598	8.230.555
Skuldir í EUR	-	55.560.906	65.059.377
Leiguskuldbindingar í ISK	1.103.072	1.136.775	1.146.811
Vaxtaberandi skuldir samtals	52.451.168	84.853.312	99.182.593
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	(3.567.302)	(6.869.558)	(7.428.328)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	48.883.866	77.983.754	91.754.265

Eignir félagsins eru veðsettar fyrir langtímaskuldum, sjá nánar í skýringu 22.

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Næsta árs afborgarnir	3.567.302	6.869.558	7.428.328
Afborganir 2024 / 2023 / 2022	3.567.302	29.331.558	62.816.830
Afborganir 2025 / 2024 / 2023	3.567.302	3.421.558	27.861.349
Afborganir 2026 / 2025 / 2024	3.567.302	3.421.558	23.575
Afborganir 2027 / 2026 / 2025	37.209.158	3.421.558	23.575
Afborganir síðar	972.802	38.387.522	1.028.936
	52.451.168	84.853.312	99.182.593

Vegnir meðalvextir vaxtaberandi skulda eru eftirfarandi: 4,17% 2,37% 2,41%

Á árinu 2022 endurfjármagnaði félagið langtímaskuldir sínar sem hafði í för með sér hreyfingar án greiðsluáhrifa að fjárhæð 52.877 þúsund USD. Aðrar breytingar á lánum skýrast af niðurgreiðslu skulda og gengishagnaði.

Sem hluti af lánasamningi eru ákvæði um fjárhagslegar kvaðir sem félagið þarf að uppfylla, að öðrum kosti er lánveitanda heimilt að gjaldfella viðkomandi lán. Á reikningsskiladegi uppfyllir félagið allar fjárhagskvaðir í samræmi við lánasamninga.

Skýringar

18. Vaxtaberandi skuldir (framhald)

Breyting á vaxtaberandi skuldum og leiguskuldum greinist þannig:

	2022			2021		
	Vaxtaberandi skuldir	Leiguskuldir	Samtals	Vaxtaberandi skuldir	Leiguskuldir	Samtals
Staða 1.1.	83.716.537	1.136.775	84.853.312	98.035.783	1.146.811	99.182.594
Afborganir	(32.585.203)	(26.054)	(32.611.257)	(7.116.201)	(24.462)	(7.140.663)
Gengism. og verðbætur	216.762	(7.649)	209.113	(7.203.045)	14.426	(7.188.619)
Staða 31.12.	51.348.096	1.103.072	52.451.168	83.716.537	1.136.775	84.853.312

19. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2022	2021
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	29.613.883	27.544.832
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	13.324.891	10.017.842
Tekjuskattur til greiðslu	(11.284.290)	(7.982.394)
Áhrif samsköttunar	87.831	33.603
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	31.742.315	29.613.883

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á liði reikningsskilanna:

	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Rekstrarfjármunir	11.555.850	11.402.769	9.966.052
Óefnislegar eignir	17.492.897	17.492.897	17.763.323
Aðrir liðir	2.693.568	718.217	(184.543)
	31.742.315	29.613.883	27.544.832

20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila félagsins eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dóttur, hlutdeildarfélag og samrekstur (skýring 13). Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Á meðal krafna eru skuldabréfalán til annarra tengdra aðila að fjárhæð 12.008 þúsund USD (2021: 15.105 þúsund USD). Vaxtatekjur eru vegna þeirra lána. Aðrar kröfur og skuldir er vegna viðskipta milli félagsins og tengdra aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2022

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag	3.015.085	44.837.452	161.722	13.345.239	628.553
Aðrir	2.260.011	149.471	257.884	4.714.244	220.996
Samtals	5.275.096	44.986.923	419.606	18.059.483	849.549

Viðskipti við tengd félög árið 2021

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag	208.613	47.322.877	32.807	13.626.028	703.765
Aðrir	749.163	1.638.507	613.959	11.986.476	376.711
Samtals	957.776	48.961.384	646.766	25.612.504	1.080.476

Laun og hlunnindi stjórnenda og stjórnar námu 1.995 þúsund USD á árinu 2022. (2021: 1.897 þúsund USD).

Skýringar

21. Fjárhagsleg áhætta

Félagið stýrir fjármagni sínu þannig að hún viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og hún hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslega áhættu í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerna.

- Markaðsáhætta
- Útlánaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Rekstraráhætta

Hér að neðan eru veittar upplýsingar um ofangreinda áhættuþætti ásamt stefnu, markmiðum og aðferð félagsins til að lágmarka og stýra áhættunni.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og áhrif slíkra breytinga á afkomu félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í erlendum gjaldmiðli, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart bandaríkjadollar (USD). Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamyntum. Í árslok voru engir gjaldmiðlaskiptasamningar útistandandi.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2022	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1,0666	7.101.190	(1.483.538)	5.617.652
ISK	0,0070	7.086.959	(2.528.351)	4.558.608
JPY	0,0076	1.865.756	(12.681.429)	(10.815.673)
Aðrar myntir		15.362.045	(4.174.486)	11.187.559
		<u>31.415.950</u>	<u>(20.867.804)</u>	<u>10.548.146</u>

31. desember 2021	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1,1321	12.539.143	(55.977.330)	(43.438.187)
ISK	0,0077	13.073.980	(5.662.633)	7.411.347
JPY	0,0087	53.127	(17.528.771)	(17.475.644)
Aðrar myntir		16.305.788	(13.809.830)	2.495.958
		<u>41.972.038</u>	<u>(92.978.564)</u>	<u>(51.006.526)</u>

Skýringar

21. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi starfrækslugjaldmiðils félagsins gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi viðkomandi starfrækslugjaldmiðils gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé:	31.12.2022		31.12.2021	
	5%	10%	5%	10%
EUR	280.883	561.765	(2.171.909)	(4.343.819)
ISK	227.930	455.861	370.567	741.135
JPY	(540.784)	(1.081.567)	(873.782)	(1.747.564)
Aðrar myntir	559.378	1.118.756	124.798	249.596
	<u>527.407</u>	<u>1.054.815</u>	<u>(2.550.326)</u>	<u>(5.100.653)</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem að hluti fjáreigna og fjárskulda félagsins ber breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og vaxtaskiptasamningum.

Allar vaxtaberandi skuldir félagsins bera breytilega vexti. Á árinu 2022 gerði félagið vaxtaskiptasamninga til að mæta áhættunni, og festi með því vexti af langstærstum hluta vaxtaberandi skulda. Hluti af bankainnstæðum og skuldabréfaeign ber breytilega vexti.

Fjáreignir/ fjárskuldir með breytilega vexti

	31.12.2022	31.12.2021
Langtímakröfur	2.172.449	2.305.741
Handbært fé	26.608.654	18.657.844
Vaxtaberandi skuldir	(52.451.168)	(84.853.312)
Vaxtaskiptasamningar	52.383.541	0
Hrein staða	<u>28.713.476</u>	<u>(63.889.727)</u>

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

Áhrif á afkomu og eigið fé	31.12.2022		31.12.2021	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
	143.567	287.135	(319.449)	(638.897)

Gangvirði

Félagið færir eignarhluta í öðrum félögum og framvirka samninga um kaup á hlutabréf á gangvirði um rekstrarreikning. Vaxtaskiptasamningar eru færðir á gangvirði um rekstur. Upplýsingar um gangvirðismat eigna og afleiðusamninga á gangvirði er að finna í skýringu 13.

Langtímalán voru endurfjármögnuð á árinu og bera breytilega vexti. Að mati stjórnenda endurspeglar bókfært verð þeirra og annarra fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði gangvirði þeirra á reikningsskiladegi.

Skýringar

21. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Útlánaáhætta

Í útlánaáættu felst áættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu og hafa sett útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina og fara fram á greiðslufallstryggingu til að lágmarka lánsáættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspeglja breyttar aðstæður mótaðila.

Hámarksútlánaáættu er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2022	31.12.2021	1.1.2021
Langtímakröfur	12.007.750	15.105.072	27.728.928
Viðskiptakröfur	11.231.984	22.844.185	23.107.219
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	7.866.401	3.412.836	973.451
Handbært fé	26.608.654	18.657.844	12.785.026
	57.714.789	60.019.937	64.594.624

Niðurfærsla vegna langtímakrafna er metin sérstaklega fyrir hvern aðila, enda góð þekking og aðgengi að upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi aðila. Niðurfærslan var engin í árslok 2022 líkt og á fyrra ári.

Um 51% (2021: 72%) af viðskiptakröfum félagsins eru vegna sölu á sjávarafurðum til 10 stærstu viðskiptavinnanna. Í ljósi þess að langstærstur hluti viðskiptakrafna er á fáa aðila, meta stjórnendur niðurfærslu sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann. Niðurfærsla viðskiptakrafna nam 167 þúsund USD í árslok 2022 (2021: 167 þúsund USD).

Ekki er færð niðurfærsla vegna útlánaáættu tengdri handbæru fé þar sem um er að ræða bankainnstæður hjá traustum fjármálastofnunum þar sem útlánaáættu er talin óveruleg. Þá er ekki færð niðurfærsla vegna annarra skammtímakrafna þar sem útlánaáættu er talin takmörkuð.

Lausafjáraáættu

Lausafjáraáættu er sú áættu sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinnar gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að félagið geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

Handbært fé félagsins nam 26,9 milljónum USD í árslok 2022 (2021: 18,7 milljón USD) og veltufjárhlutfall félagsins var 2,99 í árslok 2022 (2021: 3,2).

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum að meðtöldum áættuðum vaxtagreiðslum eru eftirfarandi:

Skuldir 31. desember 2022

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
Vaxtaberandi skuldir	51.348.096	53.224.213	3.941.735	3.903.886	45.378.592	-
Leiguskuldir	1.103.072	1.901.143	79.268	79.268	237.804	1.504.803
Viðsk. og aðrar skt.sk.	11.147.647	11.147.647	11.147.647	-	-	-
	63.598.815	66.273.003	15.168.650	3.983.154	45.616.396	1.504.803

Skuldir 31. desember 2021

Vaxtaberandi skuldir	83.716.537	90.556.879	8.747.980	30.781.578	13.212.463	37.814.858
Leiguskuldir	1.136.775	1.986.850	78.132	78.132	234.396	1.596.190
Viðsk. og aðrar skt.sk.	8.887.317	8.887.317	8.887.317	-	-	-
	93.740.629	101.431.046	17.713.429	30.859.710	13.446.859	39.411.048

Skýringar

21. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Rekstraráhætta

Félagið getur orðið fyrir beinu eða óbeinu tapi vegna ýmissa þátta í starfsemi félagsins vegna rekstraráhættu.

Félagið ber að hlýta lögum og reglugerðum varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðigjöld, skatta og tolla og geta ákvaraðir stjórnvalda í þessum efnum hverju sinni s.s. vegna náttúrubreytinga eða lagabreytinga haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag félagsins.

Lofstagsbreytingar geta raskað vistkerfi sjávar og haft áhrif á útbreiðslu, heimasvæði og samsetningu fisktegunda á Íslandsmiðum. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Félagið leitast eftir að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tap og til að vernda orðspor hennar. Til þess að lágmarka og draga úr rekstraráhættu þá leggur félagið áherslu á skilvirka stýringu á veiðum og vinnslu afla, þjálfun og upplýsingagjöf til starfsmanna, eftirliti með viðskiptum og breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi félagsins auk þess að áhersla er lögð á fylgni við lög og reglur og verkferla.

22. Ábyrgðir og veðsetningar

Á eignum félagsins hvílaþinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess. Félagið hefur lagt að veði skip og aflaheimildir með bókfært virði að andvirði 179.332 þúsund USD.

23. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Stjórnir Ísfélags Vestmannaeyja hf og Ramma hf undirrituðu þann 29. desember 2022 samning um samruna félaganna tveggja. Samruna var lokið 14. júní 2023 eftir að skilyrðum samningsins varðandi samþykki hluthafa og Samkeppniseftirlitsins. Félögin starfa bæði í sjávarútvegi en Rammi hf rekur frystitogara fyrir bolfisk, rækjuverksmiðju á Siglufirði og bolfiskvinnslu í Þorlákshöfn. Helsta dótturfélag Ramma hf er Primex ehf sem vinnur kítósan úr rækjuskel og afleiddar vörur úr því.

Í kjölfar sameiningar var nafni félagsins breytt í Ísfélag hf.

Þann 8. mars 2023 var tilkynnt um samstarf Ísfélags hf og Måsøval Eiendom AS varðandi eignarhald í Ice Fish Farm AS, sem er skráð félag í Noregi og rekur laxeldi í sjó á austurlandi. Eignarhaldsfélagið, þar sem Ísfélag hf. á um 30% hlut er stærsti eigandi laxeldisfyrirtækisins með 56,1% hlut.

Skýringar

24. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum og samrekstri

Dótturfélög eru þau félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar fyrirtækið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Tekið er tillit til afkomu og efnahags dótturfélaga og eru þau færð samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu, án þess að teljast hafa yfirráð. Félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) er tegund af samrekstri þar sem eigendur sem fara með sameiginleg yfirráð njóta réttinda af hreinum eignum starfseminnar. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri sem flokkast sem félög í sameiginlegri eigu eru færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga og félaga í sameiginlegri eigu umfram fjárfestingu er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum myntum en evrum eru umreiknaður yfir í evrum á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða. Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó í rekstrarreikningi.

Eignir og skuldir dótturfélaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadollar eru umreiknaðar yfir í bandaríkjadollar á uppgjörstigi. Tekjur og gjöld vegna slíkra félaga eru umreiknuð á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við slíkan umreikning yfir í bandaríkjadollar er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu, þýðingarmun. Þegar dótturfélög sem gera upp í annarri mynt en bandaríkjadollar eru seld, að hluta eða öllu leyti, er þýðingarmunur sem áður hefur verið færður í yfirliti um heildarafkomu færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru skráðar miðað við þá þóknun sem félagið væntir að eiga rétt á vegna viðskiptanna. Félagið skráir tekjur þegar að yfirráð vörunnar hafa færst til viðskiptavinar.

Sala sjávarafurða

Félagið selur fyrst og fremst frosnar sjávarafurðir á erlenda markaði. Afurðirnar eru ýmist unnar og seldar eða seldar í gegnum beina umboðssölu. Tekjur vegna sölu á sjávarafurðum eru færðar á ákveðnum tímamarki, þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru til kaupanda eða flutningsaðila. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Vörusala félagsins er almennt seld gegn gjaldfresti og krafa færð upp við afhendingu vöru. Félagið færir ekki upp skuldbindingu vegna vöruskila þar sem slíkar upphæðir hafa sögulega verið óverulegar.

Fjármunatekjur og fjármagnskostnaður

Fjáreignatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum og eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Skýringar

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af fjárskuldum, tapi af fjármálagerningum og virðisrýrnun fjáreigna. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til, að undanskildum fjármagnskostnaði sem fellur til við kaup eða byggingu eignfærsluhæfrar eignar. Slíkur kostnaður er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma er eign er tilbúin til notkunar. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur nokkurn tíma að koma í starfshæft ástand s.s. nýsmíði skípa.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Keyptar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af varanlegum fiskveiðiheimildum sem eru ekki afskrifaðar.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýmunarpróf að minnsta kosti árlega.

Skýringar

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbinding um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði aflaheimilda er notast við hreint söluvirði. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun sjóðskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veidarfærum eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar þegar samningsbundin réttur eða skylda til greiðslu myndast hjá félaginu.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður sem rekja má beint til kaupa eða útgáfu fjáreigna eða fjárskulda sem ekki eru færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er bætt við eða dreginn frá gangvirði við upphaflega skráningu eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er færður strax í rekstrarreikning.

Fjáreignir

Til fjáreigna teljast fjárfestingar í skuldabréfum og hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreignum er skipt í þrjá flokka; fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Flokkun þeirra fer eftir eðli og viðskiptalíkani félagsins fyrir viðkomandi fjáreignir.

Fjáreign sem er skuldageringur og áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru kröfur á tengda aðila (þ.m.t. skuldabréfaeign), viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem félagið hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði um aðra heildarafkomu

Félagið á engar fjáreignir sem falla í þennan flokk.

Skýringar

Virkir vextir

Vaxtatekjur af fjáreignum öðrum en þeim sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar miðað við virka vexti nema fyrir skammtímakröfur þegar áhrif afvöxtunar eru óveruleg.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkans IFRS 9 eru kröfur á tengda aðila, viðskiptakröfur og handbært fé. Félagið beitir sértæku mati á virðisrýrnun krafna, sjá nánar í skýringu 21 undir liðnum útlánaáhætta.

Félagið metur vænt útlánatap sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann, og á hverjum reikningsskiladegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flýst yfir á annars aðila.

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá. Eiginfjárgerningar útgefnir af félaginu eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu þeirra.

Kaup á eigin hlutum eru færð til lækkunar á heildarhlutafé. Enginn hagnaður eða tap eru færð í rekstrarreikning vegna kaupa, sölu eða útgáfu á eigin hlutum.

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar

Afleiðusamningur er fjármálagerningur eða annar samningur þar sem verðmæti breytist til samræmis við breytingar á undirliggjandi breytum, svo sem vöxtum. Afleiður eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Félagið hefur gert vaxtaskiptasamninga og framvirka samninga sem flokkast sem afleiður.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vextir færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður er hann fellur til og gjaldfærður á lánstíma með aðferð virkra vaxta.

Skýringar

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir nýtingarrétt til eignar (leigueign) og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueign er afskrifuð á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða hinnar leigðu eignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð leiguegn felur í sér kauprétt á hinu leigða, þá er leigueign afskrifuð á líftíma hins leigða. Leigueign er afskrifuð frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Félagið nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustupáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

Starfspáttayfirlit

Félagið greinir tvo starfspætti samanber skýring 3. Rekstrarafkoma hvers starfspáttar samanstendur af rekstrarliðum sem tengja má beint við viðkomandi starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta með rökrænum hætti. Óskiptir liðir samstanda fyrst og fremst af tekjum af fjáreignum og kostnaði af fjárskuldum félagsins. Félagið skiptir ekki upp eignum og skuldum eftir starfspáttum.

Innleiðing nýrra og endurbættra staðla

Þessi reikningsskil eru þau fyrstu sem félagið gerir í samræmi við IFRS, en áhrif af innleiðingunni koma fram í skýringu 2.

Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið 2020. Þann 1. janúar 2021 taka gildi endurbætur á IFRS 9, IFRS 7 og IFRS 16 sem snúa að áhrifum af fyrirhuguðum breytingum á vaxtaviðmiðum á reikningsskil (IBOR reform Phase II). Það er mat stjórnenda að innleiðing þeirra breytinga muni ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.